

Eg elska yður, þér Íslands fjöll

Steingrímur Thorsteinsson

Ísólfur Pálsson, 1918

Radds.: Páll Ísólfsson

Maestoso

1. Eg elsk - a yð - ur, þér Ís - lands fjöll með enn-i björt í heið - is blám - a, þér

dal - ir, hlíð - ar og foss - a - föll, og flúð, þar dryn - ur brim-ið rá - a! Eg elsk - a

land með al-grænt sum - ar - skart. Eg elsk - a það með vetr - ar - skraut-ið bjart; hin rit.

al-grænt sum-ar-skart. vetr-ar-skraut-ið bjart;

heið - u kvöld, er him - in - tjöld af norð - ur - ljós - a leiftr - um brag - a.

EG ELSKA YÐUR, ÞÉR ÍSLANDS FJÖLL

Eg elska yður, þér Íslands fjöll
með enni björt í heiðis bláma,
þér dalir, hlíðar og fossaföll,
og flúð, þar drynur brimið ráma!
Eg elska land með algrænt sumarskart.
Eg elska það með vetrarskrautið bjart;
hin heiðu kvöld, er himintjöld
af norðurljósa leiftrum braga.

(1/4)